

ÖHU-kröfur til verktaka og þjónustuaðila

(Öryggi, heilsa og umhverfi)

Héðinn hf. leggur ríka áherslu á öryggi, heilsu og umhverfismál í allri starfsemi fyrirtækisins. Þessar kröfur gilda um alla verktaka og þjónustuaðila sem starfa fyrir hönd Héðins hf., hvort sem er á svæðum fyrirtækisins eða á starfsstöðvum viðskiptavina.

Markmið krafanna er að tryggja örugga framkvæmd verka, koma í veg fyrir slys og mengun og stuðla að ábyrgri og faglegri vinnu.

Almennar kröfur

Verktakar og þjónustuaðilar skulu:

- fylgja öllum viðeigandi lögum og reglugerðum um öryggi, heilsu og umhverfi
- tryggja að starfsfólk hafi viðeigandi hæfni, þjálfun og reynslu
- hafa áhættumat fyrir þau verk sem unnin eru
- nota viðeigandi persónuhlífar og öryggisbúnað
- fylgja samþykktu verklagi og fyrirmælum á hverjum verkstað
- tilkynna tafarlaust um slys, næstum slys eða hættulegar aðstæður

Vinna á svæðum Héðins hf.

Þegar verktakar eða þjónustuaðilar vinna á svæðum sem eru undir stjórn Héðins hf. skulu þeir:

- fylgja **öryggishandbók og öryggisreglum Héðins hf.**
- fara eftir gildandi verklagi, þar á meðal kröfum um áhættumat, leyfi til vinnu og annað sem við á
- fylgja leiðbeiningum verkstjóra eða fulltrúa Héðins hf.

Vinna á starfsstöðvum viðskiptavina

Þegar unnið er fyrir hönd Héðins hf. á starfsstöðvum viðskiptavina skal:

- fylgja **öryggisreglum og kröfum viðkomandi viðskiptavinar**
 - jafnframt virða öryggisreglur Héðins hf., eftir því sem við á
 - gilda ætíð strangari kröfur, ef munur er á reglum
-

Umhverfismál

Verktakar og þjónustuaðilar skulu:

- vinna með þeim hætti að lágmarka umhverfisáhrif
 - fylgja kröfum um meðhöndlun efna, úrgangs og spilliefna
 - koma í veg fyrir mengun og óheimila losun efna
-

Eftirlit og viðbrögð

Héðinn hf. áskilur sér rétt til að:

- hafa eftirlit með framkvæmd verka
 - stöðva vinnu tafarlaust ef öryggi, heilsa eða umhverfi er stefnt í hættu
 - krefjast úrbóta áður en verk heldur áfram
-

Lög og reglugerðir

Eftirfarandi lög og reglugerðir eru meðal þeirra sem verktakar og þjónustuaðilar skulu fylgja (listinn er ekki tæmandi):

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
 - Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndar
 - Reglugerð um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr.547/1996.
 - Reglugerð nr. 550/2018 um meðferð hættulegra efna
 - Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
-

Ef spurningar vakna um öryggis-, heilsu- eða umhverfiskröfur er verktökum og þjónustuaðilum bent á að hafa samband við fulltrúa Héðins hf. áður en vinna hefst.